

- 74 18. maí Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, er hefur krafizt þess, ef matsupphæð-
inni verður ekki breytt til hækkunar, er nemi 10% af hinnu ákveðnu skaðabóta-
upphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

38. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglu-
gerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji
tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

39. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 20—10000 kr., nema þyngri refs-
ing liggji við samkvæmt öðrum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Suðureyrar.

40. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um
hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftir-
breytni öllum þeim, sem, hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. maí 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

75

19. maí

AUGLÝSING

um iðgjöld fyrir búfjártryggingar.

Ársiðgjöld fyrir búfjártryggingar af hverjum 100 krónum vátryggingarupp-
hæðar ákveðst til bráðabirgða þannig:

I. Búfé, sem skylt er að vátryggja (kynbótagripir):

Kynbótanaut, þar með taldir tarfkálfar, sem ætlaðir eru til kynbóta	1 %
Kynbótahestar	2,7 %
Hryssur (á kynbótabúum)	2,25 %
Hrútar —	4,25 %
Ær að meðtöldum gimbrum settum á vetur	1,5 %

II. Búfé í frjálsri vátryggingu:

a. Gegn vanhöldum:

Kýr	2 %
Naut	1 %
Hrútar	4,25 %

b. Gegn slysum (sauðfjárhópar):

1. Þar sem beitolönd liggja ekki að sjó	0,3 %
2. Þar sem beitolönd liggja að sjó:	
a. Sé flæðihætt	1,5 %
b. Sé ekki flæðihætt	0,7 %

Landbúnaðarráðuneytið, 19. maí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.